

# NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

Sent Umhverfisstofnun

Reykjavík, 12. apríl 2004  
2004030026/42-0  
SB/hj

## Umsögn um umsókn til markaðssetningar olíurepju í Evrópusambandinu

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi fyrir Bayer CropScience til að markaðssetja þrjú erfðabreytt afbrigði af olíurepju (*Brassica napus*) í Evrópusambandinu. Með umsókninni fylgdi m.a. umsögn svokallaðs "Competent Authority", þ.e. yfirvalda í Belgíu þar sem umsókn framleiðandans, Bayer CropScience, var upphaflega lögð fram. Í umsögn belgískra yfirvalda kemur m.a. fram að leyfið sé bundið innflutningi og vinnslu fræja af þessum erfðabreyttu afbrigðum til iðnaðarnota einvörðungu, en hvorki til ræktunar né til matvælagæðar. Jafnframt eru margvíslegar skyldur lagðar á framleiðanda og innflytjendur varðandi merkingu og meðhöndlun fræjanna og afurða þeirra, sem og upplýsingaskyldu og eftirlit með dreifingu þeirra.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að ekki séu vistfræðilegar forsendur til að hafna þessari umsókn og að þær takmarkanir og varðúðarráðstafanir sem fram koma í umsögn belgískra yfirvalda séu nægjanlegar. Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir við markaðssetningu þessa.

Virðingarfyllt

Snorri Baldursson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS